

Útskriftarræða

Kæru kennara, skólameistari, aðstoðarskólameistari, samnemendur, fjölskyldur, vinir og aðrir gestir. Ég heiti Hermann Oddsson og ég er heppni útskriftarnemi sem fékk þann heiður að halda ræðu fyrir hönd útskriftarnemendana.

Ég vill byrja á því að þakka öllum kennurum og starfsfólkinu hér í FSN fyrir alveg frábær ár í skólanum ég held að það sé ekki nein annar skóli sem ég hefði vilja fara í og ég er stoltur af því að vera loksins búinn með þetta.

Kennararnir hér eru alltaf að reyna sitt besta til að hjálpa okkur og kenna okkur allt það sem við viljum og þurfum jafnvel þegar við erum að drukkna í verkefnum.

Það er margt sem ég á eftir að sakna eins og að hafa allt á stundartöflu og vita alltaf hvað maður er að fara gera nánast hverju einustu viku það er líka hellingur sem ég á ekki eftir að sakna, heima vinnu, próf og síðan það að geta ekki mætt í tíma út af það er 2 klukkustunda kynning allt í einu.

Ég er líka mjög stoltur að fá að útskrifast með þessum hópi, við erum ekki mörg en við höfum öll eitt samgeinilget, við kláruðum þetta.

Ég vill líka þakka öðrum risastórum parti af þessu öllu sem ég get allavega sagt að hafa alltaf verið til staðar þegar ég þurfti þess, og það er fjölskyldur okkar og vinnir. Það er erfitt að útskýra hversu mikilvægur og stór hluti þessi hópur hefur þegar það kemur að skólanum. Það að hafa alltaf einhverja til að tala við, eyða frítímanum með og hafa einhvern sem ýtir okkur áfram jafnvel þegar

við erum alveg að drukkna í stressi. Og það mikilvægast að hlusta á okkur blaðra öðru hvoru um verkefni eða próf.

Það verður skrítið að vakna á morgun og vita að við erum búinn og við vitum ekkert hvað gerist á næsta ár eða þá hvað framtíðin okkar hefur handa okkur en ég veit eitt og það er að ég mun aldrei sjá eftir því að hafa útskrifast úr þessum skóla.

Það er ekki alveg búið að setjast í okkur hversu mikilvægur þessi kaflí í lífi okkar er og það munu líklegast líða þó nokkur ár þangað til að við föttum það alveg.

En ég ætla að hætta að blaðra svona mikið og leyfa okkur öllum að njóta dagsins.

Kæru útskriftarnemar, Ég óska okkur öllum innilega til hamingju með þennan frábæra dag og ég vill óska okkur öllum hér gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Takk fyrir mig